

108

143. gr.

16. júní Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt og hún hefur verið samþykkt og birt í stjórnartíðindunum.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. júní 1947.

Eysteinn Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

109

AUGLÝSING

23. júní

um afnám reglugerðar um hámarksökuhraða bifreiða nr. 23 17. febr. 1943.

Reglugerð nr. 23 17. febrúar 1943, um hámarksökuhraða bifreiða, er numin úr gildi frá 24. þ. m. að telja.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. júní 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

110

AUGLÝSING

23. júní

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglu-samþykkt fyrir Dalasýslu, nr. 149 28. ágúst 1940.

Samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Dalasýslu.

1. gr.

Við 28. gr., aftan við 1. málslíð 2. málsgreinar bætist: Hænsni í kauptúnum séu höfð í heldum girðingum tímabilið frá 20. maí til 20. ágúst ár hvert.

2. gr.

37. gr. orðist þannig:

Eigi má halda fleiri skemmtisamkomur, sem aðgangur er seldur að í hverjum hreppi sýslunnar á ári, en sex, nema leyfi hlutaðeigandi hreppstjóra komi til. Skal þeim samkomum, sem haldnar eru frá 1. júlí til 15. sept., slitið eigi síðar en kl. 11 að kvöldi, ef virkur dagur fer í hönd, en á öðrum tímum árs eigi síðar en kl. 3 að nóttu.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. júní 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.